



STUC DECO – STUC GRANITO

STEINEFNASPARTL

VÖRULÝSING

Stuc Deco/Granito steinefnaspartlið er fjölhæft, náttúrulegt og hágæða kalkspartl sem inniheldur mikró-sement til styrkingar. Stuc Deco/Granito státar af náttúrulegu útliti og í viðkomu er upplifunin svipuð og um náttúrustein sé að ræða. Stuc áferðin færir þér því náttúruna inn í húsið. Þess vegna er Stuc Deco/Granito einkar vinsælt meðal arkitekta og hönnuða sem gera miklar kröfur um styrk, glæsileika og náttúrulegt útlit. Stuc Deco/Granito er frábær lausn til að sameina kröfur nútímans um ekta jarðefnaútlit, styrkleika og rispuþol.

Stuc Deco/Granito steinefnaspartl hentar á alla fasta, þétta og stöðuga fleti innanhúss, s.s. gólf, veggi og votrými. Efnið má setja á steypu, flísar, málaða fleti og plötur sem eru þéttar og fastar í sér (gifsplötur, vatnsþolið MDF o.fl.).

Áferð Stuc Deco er fíngerð en getur verið allt frá „stucco“ áferð með mikilli hreyfingu, að skýjuðu gljáandi Tadelakt útliti. Stuc Granito er kornótt sem brýtur upp áferð og skapar milda áferð. Litapallettan samanstendur af fjölmörgum jarðlitum. Stuc Deco/Granito er afgreitt ólitað en það má lita með allt að 7.5% litarefni.

Grunna þarf undir Stuc Deco/Granito með Stuc Primer og einnig er ráðlegt að bera yfirlag til verndar (alltaf á gólf, einnig á veggi í votrýmum).

Við mælum ávallt með að byrja með prófun: Litakerfið og litasýnishorn má sjá hjá Sérefnum, einnig hvernig mismunandi yfirefni (vörn) geta breytt ásýnd efnisins, sjá vefsíðu Sérefna og www.stoopen-meeus.com.

Á YouTube (<http://www.youtube.com/user/stoopenmeeus>) er að finna mikinn fjölda fullfrágenginna verkefna og myndbanda sem sýna vinnulag við Stuc Deco/Granito. Tilvalið til að veita innblástur til framtíðarverkefna.

UMBÚÐASTÆRÐIR OG LITABLÖNDUN

Stuc Deco/Granito er afgreitt í duftformi í þremur mismunandi umbúðastærðum: 480 gr, 4 kg og 16 kg pokum í fötum. Við val á litum er oftast notað 2,5%, 5% eða 7,5% (þyngdarhlutfall miðað við þyngd Stuc Deco/Granito þurrduftsins) af sérstöku litarefni sem eru staðlaðir litir í Stuc Deco/Granito litakorti. Einnig má blanda litarefnunum í öðrum hlutföllum (að hámarki 7,5%). Litarefni eru afgreidd í 400 g pökkum (1 pakki í 16 kg dufts= 2,5% litarinnihald), mögulegt er að bæta við lit, allt að 7,5%, til að ná fram þéttari og dýpri litatónum.

UNDIRLAG

Undirlag skal vera hreint, þurrt og laust við olíu, feiti og yfirborðsflögnun. Það er afar mikilvægt að þrifa fituga og óhreina fleti vandlega með Nordsjö Málartvätt og vatni. Glansandi yfirborð, t.d. flísar, skal matta með grófum sandpappír. Öll samskeyti ætti að lúma yfir fyrst með trefjastyrktum borða til að forðast sprungumyndun.

Notið ætíð Stuc Primer til að fá hámarksviðloðun og hagkvæmni í vinnslu. Eftir grunnun eru oftast tvær umferðir af Stuc Deco/Granito bornar á með spaða eða bretti. Ef flöturinn er ósléttur gæti þurft þrjár umferðir.

Stuc Deco/Granito má nota þar sem gólfhiti er til staðar. Í votrýmum svo sem sturtum í nýjum baðherbergjum skal fyrst leggja rakabéttilag byggt á sementi. Við lagningu Stuc Deco/Granito í votrými er eindregið mælt með fagmönnum með reynslu af efninu.

BLÖNDUN STEINEFNASPARTLSINS

Við litun er ætíð byrjað á að leysa litarduftið upp í öllu vatninu ofan í tómri Stuc Deco/Granito fötunni. Stuc Deco/Granito duftinu er síðan hrært út í litablönduna. Vélhrærið í 3-5 mínútur eða þar til mjúk, einsleit blanda fæst. Tegund og magn litadufts tekur mismikið vatn til sín, því má bæta smá vatni út í ef þurfa þykir.



Gætið þess að magn Stuc Deco/Granito blöndu sé nægilegt á allan þann flöt sem vinna skal. Blanda má viðbótarmagn meðan á vinnu stendur, þannig að hún verði óslitin. Í síðustu umferð skal gæta þess að vatnsmagn sé eins í allri blöndunni. Nota skal blönduna innan 3-4 klst.

SPÖRTLUN

Stuc Deco/Granito er borið á með spartlspöðum í umferðum sem eru undir 1 mm að þykkt. Sé undirlag slétt og jafnt, duga 2 umferðir (heildarþykkt +/- 1.5 mm). Sé undirlag ójafnt, svo sem grófur múr eða flísar, er nauðsynlegt að jafna það fyrst.

Þegar um er að ræða stóra fleti er fyrsta umferð af Stuc Deco/Granito borin á og látin þorna að fullu, áður en næsta umferð er lögð.

Leggið eins jafnt og unnt er með bretti og látið þorna. Þegar Stuc Deco/Granito er orðið gönguburtt, má skafa burt hugsanlegar ójöfnur með spaða. Hægt er að leggja seinni umferð áður en sú fyrri er fullhörðnuð (um 1 klst.). Strokmynstrið ákvarðar endanlegt útlit. Mismunandi litatónar fást fram með mun í ísogi flatarins. Þegar lokaumferð af Stuc Deco/Granito er orðin þurr skal slípa yfir flötinn með sandpappír. Við slípun fær spartlið endanlega dýpt og hreyfingu í áferð.

Sjá nánar um aðferðir við spörtlun í Stuc Deco/Granito leiðbeiningabæklingi hér á heimasíðunni.

FRÁGANGUR

Réttur yfirborðsfrágangur Stuc Deco/Granito er nauðsynlegur þar sem hætta er á raka eða blettamyndun. Varanleg snerting við vatn getur myndað bletti. Við lokafrágang á gólfum og votrymum skal nota Stuc Sealer og síðan tveggja þátta efnið Stuc Vernis PU. Það gefur nauðsynlega vörn gegn sprungumyndun, blettum og raka. Þar sem álag er lítið á veggjum í þurrarýmum er mögulegt að nota aðrar tegundir af yfirborðsefnum.

TÆKNIUPPLÝSINGAR			
Eðlisástand	Hvítt duft	Viðloðun	Afar góð á Stuc Primer
Undirlag	Þurrt og stöðugt, ekki hætt við flögnun	Þurrktími milli umferða af spartli	2-6 klst eftir aðstæðum. Sé borið á fyrri umferð blauta, skal bíða í 0,5-1 klst
pH	12-13	Endanleg hörðun	1 vika, ganga má á yfirborði eftir 1 sólarhring
Vatnsnotkun	+/- 0,3 l/kg, fer eftir vinnulagi, bæta má við vatni	Vinnuhitastig	Yfirborðs- og umhverfishiti sé á bilinu 8-25°C
Umferðafjöldi	2-3, fer eftir undirlagi og óskaðri áferð	Geymsluþol í lokuðum umbúðum	12 mánuðir að lágmarki á þurrum stað
Efnisnotkun	+/- 1,5 kg/m², fyrir +/- 1,5 mm umferðarþykkt og 2 umferðir. Notkun fer mjög eftir undirlagi og umferðarþykkt	Vinnslutími	3-4 klst, hræra má í blöndu eftir þörfum
Þurrktími fyrir lökkun	24 klst miðað við 1,5-2 mm þykkt þykkara lag krefst +32 klst		
Áhöld	Spaði/bretti úr ryðfríu stáli	Hreinsun áhalda	Vatn

ATHUGIÐ

Blandið Stuc Deco/Granito steinefnaspartl utandrya eða tryggjið góða loftræstingu við blöndunina. Stuc Deco/Granito er mjög basískt og notið því hanska/ hlífðarfatnað/augnhlífir/andlitshlífir. **HÆTTA:** Veldur alvarlegum augnskaða. **BERIST EFNIÐ Í AUGU:** Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Leitið strax lækni. **VARÚÐ:** Veldur húðertingu. Getur valdið ertingu í öndunarferum. Forðist innöndun ryks. **EFTIR INNÖNDUN:** Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun. Geymið þar sem börn ná ekki til.

Stoopen & Meeus ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna, en viðurkennir ekki ábyrgð tengda vinnu og árangri við notkun þeirra. Kynnið ykkur ávallt viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar, www.serefni.is.